

Nd.

283. Frumvarp til laga

um lyfjaframleiðslu.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. des.)

Samhljóða þskj. 103 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Tilraunastofnanir, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, mega framleiða og selja lyf, þar með talin dýralyf, sem þær gera tilraunir með, enda uppfylli þær öll meginskilyrði varðandi framleiðsluhætti, gæðamat, lyfjaeftirlit og eftirlitsgjald, sbr. 1. gr. laga þessara.

Forstöðumenn tilraunastofnana þessara og framkvæmdastjóri lyfjaframleiðslufyrirtækis samkvæmt II. kafla laga þessara mynda samstarfsnefnd, og er síðasttalinn aðili formaður hennar.

Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að sem bestri nýtingu starfskrafta og tækjabúnaðar þessara stofnana til lausnar verkefnum, sem geta verið sameiginleg, svo sem gæðapróf, rannsóknir, innkaup og heildsöluudreifing. Enn fremur skal nefndin stuðla að sameiginlegu átaki til framleiðslu nýrra lyfja fyrir innlandan og erlendan markað.

Nefndin skal koma saman eftir þörfum og skila skýrslu um starfsemi sína á sex mánaða fresti til hlutaðeigandi stofnana og heilbrigðisráðherra.

6. gr. hljóðar svo:

Lyfsalar og lyfjafræðingar, sem óska að vera aðilar að fyrirtækinu, mynda félag, er leggur sameiginlega fram allt að helmingi eignarhluta fyrirtækisins. Eignarhluti ríkisins skal vera helmingur eða meira, svo sem samkomulag verður um milli aðila.

Hvor aðili um sig, ríkið og félagið, er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins.

Hvorugur aðili má ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

8. gr. hljóðar svo:

Stjórn fyrirtækisins skal skipuð 4 mönnum til 2 ára í senn. Félag lyfsala og lyfjafræðinga kys 2 stjórnarmenn á aðalfundi sínum, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera lyfjafræðingur að mennt.

Heilbrigðisráðherra skipar 2 stjórnarmenn á sama hátt og félagið.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin kys sér formann og varaformann til eins árs í senn, og skal formennskan færast til skiptis milli eignaraðila.